

**Nd.**

**765. Frumvarp til laga**

[48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir eina umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 50 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Skip skal telja óhaffært:

- a. Ef gilt haffærisskirteini, hleðslumerkjaskirteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskirteini er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af Skipamálastofnuninni eða trúnaðarmanni hennar.
- b. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.
- c. Ef hol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

6. gr. hljóðar svo:

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótask, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Skoðunarmenn Skipamálastofnunarinnar skulu framkvæma skoðun, verði því komið við án verulegrar tafar, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er sjódomur á þeim stað kveður til.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skip er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent Skipamálastofnuninni, og ákveður hún, hvort ný skoðun skuli fara fram.

7. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmönnum Skipamálastofnunarinnar ber hverjum, í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga, tilskipana og reglugerð um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 10. gr., sbr. og 34. gr.

8. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest börf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar

geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða öðrum stöðum á svæðinu, þar sem sérstök þörf er eftirlits, ber honum, að fengnu samþykki skipamálastjóra, að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

9. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er um ræðir í lögum þessum og tilskipunum og reglugerðum samkvæmt þeim, sem gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið á þar heimilisfang eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þess eðlis, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og kveður hann þá sérfróðan mann eða menn til aðstoðar skoðunarmönnum.

Ef þörf krefur, getur skipamálastjóri kvatt skoðunarmann til að framkvæma skoðun utan umdæmis síns.

10. gr. hljóðar svo:

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Eftirlits- og skoðunarmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum, svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir ekki láta skoðunartottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum. Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði. Skrá skal í eftirlitsbók skips, hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður tilkynna skipamálastjóra málið, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

11. gr. hljóðar svo:

Verði skipaskoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarféлага sjómanna á staðnum, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarmenn varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir, settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns Skipamálastofnunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

15. gr. hljóðar svo:

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatakja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunar-skírteini, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og einmatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. jan. 1926 um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og Skipamálastofnunarinnar.

Nú hefur ríkisstjórnin viðurkennt flokkunarfélag, og ber þá að líta svo á, að reglur þær, sem félagið hefur sett um skip þau, er það hefur flokkað, gildi sem réttarreglur hér á landi um öll þau atriði, sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum.

16. gr. hljóðar svo:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina eftir fyrirmynd, er skipamálastjóri setur. Eftirlitsmaður sendir síðan skipamálastjóra skýrsluna ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal skipamálastjóri, eftirlitsmaður eða skoðunarmaður, sem til þess hefur fengið sérstaka heimild frá skipamálastjóra, gefa því haffærisskírteini. Skírteini þau, sem út skulu gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 17. júní 1960, skal þá skipamálastjóri gefa út.

17. gr. hljóðar svo:

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, heimili, kallmerki, rúmlestatala brúttó og nettó, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða ferða skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, enn fremur gildistími skírteinisins og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærisskírteinis á tímabilinu.

Skipamálastjóri getur framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Er honum heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, svo og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Skipamálastofnunarinnar eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. VII. kafla.

18. gr. hljóðar svo:

Aukaskoðun skal gerð:

- a. Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 14. gr.
- b. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn Skipamálastofnunarinnar eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus. Þá skal Skipamálastofnunin gefa upp þann aðila, sem kært hefur, ef útgerðarmaður krefst þess.
- c. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til skipamálastjóra.

20. gr. hljóðar svo:

Nú fer fram aukaskoðun eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipamálastjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

21. gr. hljóðar svo:

Synji skipamálastjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið 18. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 38. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggð, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

22. gr. hljóðar svo:

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Bolur, reiði og vélar.

1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnspétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—4. tölulið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipamálastjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöln eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slyshættu.

2. Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa, og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar gegn eldhættu.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum. Skal það ákveðið nánar í reglugerð.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistöki og viðhald.

Reglur um rúmmál, gólfhlöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.

2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipamálastjóra.

F. Fjarskiptatæki.

1. Öll skip með þilfari skulu búin talstöð eða loftskeytastöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskirteini fyrir slíka stöð samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti.

Stöðvar þessar eru háðar eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út öryggiskirteini fyrir fjarskiptatækin í skipum, sem ekki falla undir ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannlífa á hafinu, sbr. 16. gr. laga þessara. Að lokinni skoðun tækjanna tilkynnir póst- og símamálastjórnin skipamálastjóra árangur skoðunar á þeim og annað varðandi þau, sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.

1. Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð eftirlits- og skoðunarmanna um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt, er skipamálastjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna, eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar og leiðbeiningar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.

23. gr. hljóðar svo:

Um farþegaskip gilda ákvæði 22. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannlífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipamálastjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

24. gr. hljóðar svo:

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipamálastjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

25. gr. hljóðar svo:

Þegar skip, sem telst ekki farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að álit skipamálastjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

26. gr. hljóðar svo:

A. Nýsmíði skipa.

1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti Skipamálastofnunarinnar. Sá, sem tekið hefur að sér smíði skips, skal senda skipamálastjóra tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim, sem skipamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þrítí, nema skipamálastjóri telji færri nægja.
2. Um nýsmíði skipa fer eftir reglum, sem ráðherra setur, og þar sem þær ná ekki til, skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.
3. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipamálastjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaefirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu sérfróðir starfsmenn Skipamálastofnunarinnar ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipamálastjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur. Einnig skal skipamálastjóra heimilt að fela eftirlitið hæfum stofnunum eða einstaklingum.
4. Eigendum skipa, skipasmíðum eða skipamálastjóra er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra, að því leyti sem þær ná til.
5. Skipamálastjóri skal annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenskum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.

B. Breytingar á gömlum skipum.

1. Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 14. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipamálastjóra sé fengið fyrirfram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti Skipamálastofnunarinnar, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

C. Innflutningur skipa.

1. Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.
2. Skoðun skal fara fram á skipi, áður en það er keypt, þó þarf skoðunin ekki að taka til þeirra atriða, sem hin viðurkenndu flokkunarfélög annast, ef það hefur gilt flokkunarskírteini.

Skipamálastjóri framkvæmir skoðun þessa, en má fela hana hæfri stofnun eða einstaklingi.

Er skipamálastjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og að það sé eigi eldra en 12 ára.

27. gr. hljóðar svo:

Undanþágu frá ákvæðum laganna getur ráðherra veitt skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum, sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi.

Undanþágu samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipamálastjóri mæli með henni, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins.

29. gr. hljóðar svo:

Þau íslensk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. apríl 1966, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini.

Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra íslenskra skipa.

Skipamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 1. mgr., og reglum, er ráðherra setur.

31. gr. hljóðar svo:

Á skip, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri, skal marka beggja megin að framan og aftan, hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

Skipamálastjóri getur ákveðið, að djúpristumörk skuli sett á skip, þótt minna sé en að framan greinir, og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

32. gr. hljóðar svo:

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við toll-afgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Skipamálastofnunarinnar, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt um hleðslumerki, gerðri í London 5. apríl 1966, eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur skipamálastjóri veitt því íslenskt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipamálastjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

33. gr. hljóðar svo:

Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu álit skipamálastjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

34. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum. Skoðunarmenn geta hindrað för skips samkvæmt 3. mgr. 10. gr., unz úrlausn eftirlitsmanns er fengin.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrif-

leg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipamálastjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollfyrvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

35. gr. hljóðar svo:

Skipamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipamálastjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

37. gr. hljóðar svo:

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varaméðdómendur, alla til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Skipamálastofnunarinnar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki auka-dómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

38. gr. hljóðar svo:

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að skera úr um, hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn, eins og nánar greinir í 21. gr.
2. Að skera úr um, hvort farbann skuli lagt á skip, og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 36. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði 40. gr.
4. Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.

39. gr. hljóðar svo:

Hinir reglulegu sjódomar annast sjópróf samkvæmt 39. gr. siglingalaga nr. 66 31. des. 1963. Skulu prófin fara fram að hætti opinberra mála.

Þegar sjópróf skal halda, ber formanni sjódoms að gera eftirlitsmanni Skipamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf er haldið, aðvart um það.



Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna. Skal honum heimilt að kynna sér málskjöl, bera fram tillögur um rannsókn málsins, spyrja vitni með milligöngu dómara eða beint með samþykki hans og að fara fram á þær bókanir, sem hann telur nauðsynlegar.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. Hann getur og krafizt framhaldsprófs, ef honum þykir þess þörf.

Að sjóprófi loknu skal formaður sjódóms senda skipamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

#### 41. gr. hljóðar svo:

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar skipamálastjóra. Ber skipamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Skipamálastofnuninni í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

#### 42. gr. hljóðar svo:

Málum, sem höfðuð eru samkvæmt 21. eða 36. gr. laga þessara, skal beint gegn skipamálastjóra. Þeim skal hraðað, svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli, svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn rikissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðuð innan tveggja mánaða, frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

#### 44.—57. gr. hljóða svo:

##### 44. gr.

Ráðherra skipar 5 menn í Rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands, og formann, sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Hlutverk Rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slyshættu á sjó.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir.

Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysvörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Ráðherra ákveður laun starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld Rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

45. gr.

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötum, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, endurskoðun smíðauppdráttar og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

46. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafðið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipamálastjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því, er honum varð kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til dómstóla.

Skipamálastjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

47. gr.

Ef eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, annar yfirmaður skips eða loftskeytamaður brýtur í verki eða með vitaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum eða varðhaldi. Dæma má fangelsisrefsingu, ef um stórfellt brot er að ræða.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn, eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá ekki beita vægari refsingu en varðhaldi.

48. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar þess eða búnaðar, vanrækir af ásetningu eða vitaverðu gáleysi störf sín samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það hann refsingu eftir ákvæðum 1. mgr. 47. gr.

49. gr.

Um brot samkvæmt 47. og 48. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

50. gr.

Þegar um brot er að ræða samkvæmt 49. gr., má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða loftskeytamannsstarfs um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

Nú er dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 47. gr. eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað, og skal þá beita réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt.

Dæma má sökunaut samkvæmt 48. gr. réttindasviptingu um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

51. gr.

Svipting réttinda samkvæmt 50. gr. skal gerð með dómi. Sá, er réttindum hefur verið sviptur, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

52. gr.

Þegar þrjú ár að minnsta kosti eru liðin frá því, að réttindasvipting var dæmd, getur dómsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem til er tekinn í dóminum, sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda samkvæmt 1. mgr. er þó því aðeins heimil, að skipamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

53. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í rikissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

54. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 24. gr. áfengisлага nr. 82 2. júlí 1969, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, lög nr. 24 7. apríl 1962, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, sem eigi fá samrýmzt lögum þessum.

56. gr.

Reglugerðir og reglur, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959 eða eldri lögum um eftirlit með skipum, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

57. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipamálastjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsíákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.